

Verklagsreglur

fyrir atkvæðagreiðslu utan kjörfundar við nafnakosningu í sameinuðu sveitarfélagi Borgarfjarðarhrepps, Djúpvogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar

1. Kjósendum sem eru á kjörskrá við nafnakosningar er heimilt að greiða atkvæði utan kjörfundar eigi þeir ekki heimangengt á kjörstað.
2. Boðið verður upp á að greiða atkvæði utan kjörfundar á skrifstofum sveitarfélaganna fjögurra á opnunartíma þeirra, virka daga frá og með 19. júní og fram að kjördegi.
3. Kjósendur hvaðan sem er innan hins sameinaða sveitarfélags geta greitt atkvæði á hvaða skrifstofu sem er.
4. Kjósanda sem gefur sig fram á skrifstofu sveitarfélags og óskar eftir að greiða atkvæði skal vísað til umsjónaraðila atkvæðagreiðslunnar.
5. Kjósandi skal framvísa skilríki með nafni, kennitölu og mynd til að gera grein fyrir sér við umsjónaraðila.
6. Umsjónaraðili skal færa nafn, kennitölu og lögheimili kjósanda á þar til gerðan lista yfir þá sem kosið hafa utan kjörfundar.
7. Að því loknu skal umsjónaraðili taka fram kjörgögnin, spjald (appelsínugult) til að rita á nöfnin sem kjósandi greiðir atkvæði, minna umslag (hvítt) og stærra umslag (hvítt) og afhenda kjósanda spjaldið og minna umslagið.
8. Kjósanda skal vísað á stað þar sem unnt er að greiða atkvæði í næði. Þar skulu vera til staðar skriffæri, listi yfir þau nöfn sem kosið er um og afrit af reglum þessum.
9. Kjósandi skal rita á spjaldið þau af nöfnunum sem kosið er um sem viðkomandi vill greiða atkvæði sitt, að hámarki tvö nöfn en að lágmarki ekkert nafn. Velji kjósandi tvö nöfn skal auðkenna hvort nafnið er fyrsta val með því að rita tölustafinn 1 fyrir framan það en tölustafinn 2 fyrir framan hitt nafnið. Að því loknu skal kjósandi setja spjaldið í umslagið og loka umslaginu.
10. Kjósandi skal afhenda umsjónaraðila umslagið með atkvæðinu. Umsjónaraðili skal, að kjósanda ásjáandi, setja minna umslagið í hið stærra, loka umslaginu og merkja það með nafni, kennitölu og lögheimili kjósandans. Að því loknu skal umsjónaraðili stimpla umslagið með stimpli sveitarfélagsins og rita nafn sitt til staðfestingar.
11. Umsjónaraðili skal varðveita öll atkvæði sem greidd eru á viðkomandi skrifstofu. Nafnanefnd ber ábyrgð á því að safna saman greiddum atkvæðum af öllum skrifstofum og koma þeim til talningar á kjördag.